

Vísað er til máls nr. 122/2022 í samráðsgátt stjórnvalda, drög að frumvarpi til laga um sýslumann. Bæjarráð Hornafjarðar fjallaði um málið á fundi sínum þann 11. ágúst sl. og fól bæjarstjóra að senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Umsögn sveitarfélagsins Hornafjarðar:

Í samráðsgátt liggur fyrir frumvarp til laga um sýslumann sem hefur það að markmiði að sameina öll sýslumannsembætti landsins í eitt.

Í þeirri stefnumótunarvinnu sem fram fór í aðdraganda þess að frumvarpið var lagt fram, er talað um aukið samstarf, betri nýtingu stafrænna lausna, framúrskarandi þjónustu við almenning og aukið framboð opinberrar þjónustu í héraði. Við lestur frumvarpsins er vandséð hvernig þessi markmið eiga að nást.

Í rökstuðningi fyrir frumvarpinu segir einnig að markmiðum um bætta þjónustu við almenning verði seint náð án þess að taka skipulag sýslumannsembættanna til gagngerrar endurskoðunar. Það má vel endurskoða skipulag embættanna, en í frumvarpinu er illa reifað hvaða verkefni lenda hjá núverandi embættum eftir breytingu og það þurfi að skilgreina betur sé það markmið ráðherra að bæta þjónustu og styrkja embættin.

Um er að ræða mikilvægt byggðarmál. Barátta okkar á landsbyggðinni um mikilvæg störf og starfsemi er stöðug. Í frumvarpinu segir að leggja skuli niður öll störf hjá sýslumönnum en starfsfólki boðið starf hjá nýju embætti sýslumanns. Það er mikil óvissa fólgin í þessu fyrir starfsfólk embættanna um allt land. Óvissa um bæði kjör og réttindi.

En óvissan er ekki eingöngu um störfin. Hún er einnig mikil um hlutverk og verkefni ásamt rekstrargrundvelli embættanna.

Embætti sýslumanna um landið veita mikilvæga þjónustu í bæði stórum og oft viðkvæmum málaflökkum. Þessi mál krefjast oft en ekki samtals og stafrænar lausnir munu ekki koma í stað þeirrar nærþjónustu.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er margítrekað að núverandi skipulag og umdæmismörk embættanna, hindri innleiðingu stafrænna lausna og málsmerðferð. Við þessi rök vankar sú tilfinning að hérna sé ekki hugsað í lausnum. Það má vel hugsa sér að endurskoða löggjöf um sýslumannsembættin og umdæmismörkin án þess að sameina öll embættin í eitt. Þær stafrænu lausnir sem koma eiga í stað þeirrar þjónustu sem nú er veitt hjá embættunum eru ekki til staðar í dag og grundvallaratriði er að innleiða þær aður en ráðist er í skipulagsbreytingar.

Bæjarráð fagnar markmiðum um betri þjónustu og öflugri starfsstöðvar á landsbyggðinni. Við nánari skoðun frumvarpsins verður hins vegar ekki séð með hvaða hætti á að ná þessum breytingum fram. Í greinargerð með frumvarpinu má skilja það sem svo að það frumvarpið sé hugsað sem landsbyggðarmál. En ef um er að ræða landsbyggðarmál, hvers vegna var þá ekki haft meira samráð við okkur á landsbyggðinni um verkefnið?

Bæjarráð Hornafjarðar leggur til frumvarpið verði ekki lögfest og samtal verði þess í stað hafið við hagsmunaaðila um nýja framtíðarsýn og styrkingu fyrir embætti sýslumanna um landið.

Hornafirði, 15. ágúst 2022.

Sigurjón Andrésón bæjarstjóri.